

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómendunum Hólmfríði Snæbjörnsdóttur lögfræðingi og Hrafni Bragasynti lögfræðingi.

Úrskurðarorð:

Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður f. h. Philip Morris Inc. setji Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni f. h. Benson & Hedges Ltd kr. 50.000.00 tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir 31. október n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir á reglulegu dómþingi.

Föstudaginn 21. nóvember 1969.

Nr. 188/1968. **Helgi Th. Andersen**

(Guðjón Styrkársson hrl.)

gegn

Magnúsi Þorleifssyni

(Gunnar Jónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kaupgjaldsmál. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi. Til vara krefst áfrýjandi, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 1.981.25 og að ekki verði viðurkenndur sjóveðréttur til tryggingar því fé.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í héraði 16. september 1966, og kom áfrýjandi þá sjálfur fyrir dóm. Málinu var þá frestað

til 4. október 1966, en er málið kom þá fyrir dóm, sótti áfrýjandi eigi þing og enginn af hans hálfu, og eigi sótti hann síðar þing í málinu.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram ýmis gögn, svo sem aðiljaskýrslu, vitnaskýrslur og reikningsgögn. Stefndi mótmælir hins vegar sem of seint framkomnum öllum málsástæðum og gögnum, sem áfrýjandi hafi nú komið með fyrir Hæstarétt. Samkvæmt 110. gr., sbr. 111. gr. laga nr. 85/1936 skulu staðhæfingar og mótmæli jafnan koma fram, jafnskjótt og tilefni verður, og má annars kostar ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki. Gögn þau og málsástæður, sem áfrýjandi hefur nú lagt fyrir Hæstarétt, virðist honum hafa verið í lófa lagið að færa fram í héraði. Verður þeim því eigi gaumur gefinn gegn andmælum stefnda. Samkvæmt þessu og þar sem héraðsdómurinn er í samræmi við gögn þau, sem fram komu í héraði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Helgi Th. Andersen, greiði stefnda, Magnúsi Þorleifssyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sjó- og verzlunardómur Gullbringu- og Kjósarsýslu

25. október 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Magnús Þorleifsson sjómaður, Hraungerði, Grindavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 8. f. m., gegn Helga Th. Andersen útgerðarmanni, Grindavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 16.595.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt texta Lögmannafélags Íslands.

Þá er og krafizt viðurkenningar sjóveðréttar í m/b Leifi, ÓF 4, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna starfa síns sem háseta á m/b Leifi, ÓF 4, frá 23. apríl s.l., fyrst á þorska-netjaveiðum, en síðan á handfæraveiðum. Hinn 2. júní s.l. hafi sér verið tilkynnt, að eigi væri rúm fyrir hann lengur á bátnum, þar sem búið væri að ráða annan mann í staðinn.

Stefnandi telur inneign sína vegna starfa á bátnum nema kr. 13.900.00 og auk þess geri hann kröfu til að fá vegna ólögmæts brottrekstrar kauptryggingu í 7 daga, kr. 385.00 á dag, eða samtals kr. 2.695.00, þannig að samtals verður stefnukrafan kr. 16.595.00. Stefnandi tekur fram, að hann hafi ekki fengið viðskiptareikning frá stefnda.

Við þingfestingu málsins mætti stefndi, mótmælti kröfum stefnanda og fékk frest til greinargerðar til 4. þ. m. Við fyrirtekt málsins þá var ekki mætt af hans hálfu, og var málið dómtekið að kröfu lögmanns stefnanda.

Með úrskurði 19. þ. m. var stefnda gefinn kostur á að koma að athugasemdom sínum og honum stefnt fyrir dóminn 21. þ. m. Sinnti hann því eigi, og var málið þá dómtekið að nýju.

Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 ber nú að dæma málið eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn sækjanda og með tilliti til þess, að stefndi hefur ekki þrátt fyrir ítrekuð tækifæri haldið uppi vörnum, verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.800.00.

Stefán Hirst, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Þorsteini Einarssyni og Þorsteini Eyjólfsyni.

Dómsorð:

Sjóveðréttur í m/b Leifi, ÓF 4, staðfestist til tryggingar dæmdum kröfum.

Stefndi, Helgi Th. Andersen, greiði stefnanda, Magnúsi Þorleifssyni, kr. 16.595.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1966 til greiðsludags og kr. 3.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
